

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

795. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 1. júlí 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Erindi Grettistaks ses.
2. Bréf Sigurðar Þórs Ágústssonar, skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.
3. Afrit af bréfi til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins v/ aksturs skólabarna af Vatnsnesi.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram erindi Grettistaks ses dags. 20, júní 2013, deiliskipulag fyrir Grettisból, menningar- og fræðslusetur Laugarbakka.
Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.
2. Lagt fram bréf Sigurðar Þórs Ágústssonar, skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra dags. 26. júní 2013, fyrirspurn um niðurfellingu reglna um heimakennslu. Byggðarráð samþykkir að fresta afgreiðslu erindisins.
3. Lagt fram til kynningar bréf til Mennta og menningarmálaráðuneytisins frá foreldrum vegna aksturs skólabarna af Vatnsnesi. Elín R. Líndal lagði fram eftirfarandi bókun „Undirrituð átelur að upplýsingum um beiðni/kröfu foreldra um breytt fyrirkomulag á akstursleið 6 hafi ekki verið komið á framfæri við afgreiðslu útboðsgagna á sveitarstjórnarfundum 20. júní sl. af hálfu sveitarstjóra og/eða oddvita.“ Elín R. Líndal.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:57

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal

Stefán Böðvarsson.

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson